

Íþróttar- og frístundastefna

2021–2025



Sveitarfélagið
ÁRBORG



1 Almennt um íþróttir og frístundir

Sveitarfélagið Árborg ætlar að vera í leiðandi í fjölbreyttu, faglegu og uppbyggjandi íþróttá- og frístundastarfi í samfélaginu og efla almenna þátttöku íbúa óháð búsetu, efnahag, kyni, aldri, fötlun eða þjóðerni.

Markmið

- › Leggja áherslu á félagslegt mikilvægi íþróttá og frístunda og að starfið og aðgengi að þeim sé fyrir alla
- › Efla lýðheilsu og auka þátttöku allra íbúa í útivist, íþróttá- og frístundastarfi
- › Hafa skýra framtíðarsýn um uppbyggingu íþróttá- og frístundamannvirkja sem og útivistarsvæða
- › Auka nýtingu frístundastyrks úr 80% upp í 90% á tímabilinu

Aðgerðir

- › Efla kynningarstarf til foreldra í gegnum frístundamessu og vefmiðla
- › Skoða möguleikann á því að þeir sem ekki vilja nýta frístundastyrkinn geti valið að styrkja gott málefni innan samfélagsins
- › Halda áfram að hækka frístundastyrkinn og koma öllum umsóknum í rafrænt form
- › Ljúka þarfagreiningu vegna uppbyggingar íþróttá- og frístundamannvirkja næstu árin

2 Íþróttá- og frístundafélögin

Sveitarfélagið Árborg vill í samvinnu við íþróttá- og frístundafélög skapa umhverfi sem hvetur til þátttöku í íþróttá- og frístundastarfi í öllum aldurshópum.

Markmið

- Efla menntun og stuðning við leiðbeinendur, sjálfboðaliða og þjálfara
- Íþróttá- og frístundastarf barna 12 ára og yngri sé að mestu lokið fyrir 17:00 á daginn
- Leggja áherslu á að í boði sé valmöguleiki um æfingar án keppni
- Efla nýtt félagsstarf og eiga í reglulegu samtali við frjáls félagasamtök
- Styðja við uppbyggingu og tryggja góða aðstöðu fyrir íþróttá- og frístundastarf í sveitarfélaginu fyrir alla aldurshópa

Aðgerðir

- Vinna markvisst að því að íþróttá- og frístundastarf barna á grunnskólaaldri sé í beinu framhaldi af skóla og efla samstarf við skóla og frístundaheimili
- Aukið verði framboð á æfingum þar sem ekki er lagt upp með keppni
- Halda frístundaakstri áfram og endurskoða leiðarkerfi reglulega í samræmi við þarfir notenda
- Við endurnýjun samninga við íþróttá- og frístundafélög séu markmið þessarar stefnu höfð að leiðarljósi
- Íþróttafélög vinni áfram eftir viðmiðum ÍSÍ um „fyrirmyndafélög“
- Íþróttá- og frístundafélög sem heyra undir Æskulýðsveitvanginn starfi samkvæmt stefnu hans
- Fjölga námskeiðum fyrir leiðbeinendur, sjálfboðaliða og þjálfara
- Styðja við uppbyggingu nýs félagsstarfs





3 Afreksstarf

Sveitarfélagið Árborg vill í samvinnu við íþrótt- og frístundafélög skapa aðstæður og umhverfi til að eiga ávallt afreksfólk í fremstu röð.

Markmið

- Markviss stuðningur við afreksstarf á öllum aldurstigum
- Efla starfsemi íþróttakademía og auka samstarfi þeirra á milli
- Að skapa jákvæða fyrirmynd fyrir börn og unglinga
- Íþrótt- og frístundamannvirki fullnægi kröfum um æfinga- og keppnaðstæður þeirra greina sem stundaðar eru í Sveitarfélaginu Árborg

Aðgerðir

- Móta verklagsreglur vegna stuðnings við afreksfólk
- Sveitarfélagið Árborg hvetji til öflugs fræðslustarfs fyrir iðkendur í akademíum Fsu
- Við uppbyggingu íþróttamannvirkja verði horft til mögulegrar nýtingar í tengslum við afreksíþróttir
- Verðlauna framúrskarandi starf innan íþrótt- og frístundafélaga á Uppskeruhátíð frístunda- og menningarnefndar

4 Frístundir


Sveitarfélagið Árborg vill skapa aðstæður fyrir áframhaldandi markvisst og faglegt frístundastarf sem er leiðandi á landsvísu.

Markmið

- Þjóða áfram upp á fjölbreytt og markvisst starf í frístundaheimilum, frístundaklúbbum fyrir einstaklinga með fötlun, félagsmiðstöð og ungmennahúsi
- Koma á fót frístundamiðstöð sem sameinar starfsemi fjölbreyttra frístunda, eflir þær faglega og eykur hagræði í rekstri
- Efla skapandi frístundastarf fyrir alla aldurshópa
- Auka rafræna þjónustu
- Efla enn frekar samstarf við skóla- og félagsþjónustu og aðra fagaðila sem koma að þjónustu við börn í Árborg
- Gefa ungmennum möguleika á að taka þátt í krefjandi samstarfsverkefnum innan evrópu sem eflir þroska þeirra, sjálfsöryggi og víðsýni

Aðgerðir

- Vinna að uppbyggingu frístundamiðstöðvar í kringum Selfossvallarsvæðið til að sameina fjölbreytt frístundastarf á einn stað
- Koma upp þjónustukerfi í öllu frístundastarfi sem heldur utan um skráningar, greiðslur og samskipti við foreldra og notendur
- Auka framboð á námskeiðum tengt listum og skapandi greinum
- Sækja um styrki í alþjóðleg samstarfsverkefni





5 Lýðheilsa og útivist

Sveitarfélagið Árborg vill sem heilsueflandi samfélag skapa umhverfi og aðstöðu þannig að íbúar geti tileinkað sér heilbrigða lífshætti með hollu mataræði, geðrækt og fjölbreyttri hreyfingu.

Markmið

- › Gera vinnu um heilsueflandi samfélag markvissa og sýnilega
- › Auka aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum og útivistarsvæðum
- › Efla fræðslu um heilsusamlegt líferni
- › Þjóða upp á fjölbreytta möguleika til hreyfingar og útivistar allt árið um kring
- › Efla enn frekar markvissa heilsurækt eldri borgara í sveitarfélaginu

Aðgerðir

- › Fjólga göngu- og hjólréiðastígum og tryggja hreinsun á þeim allt árið um kring
- › Gera gönguskíðabrautir og bæta sleða og brettaaðstöðu
- › Kynna á vefmiðlum útivistarmöguleika fyrir íbúum og gestum t.d. með útgáfu göngu- og hjólréiðakorts
- › Reglulega fræðsluerindi fyrir íbúa
- › Þjóða upp á skipulögð heilsunámskeið fyrir eldri borgara

6 Forvarnir, jafnrétti og siðamál

Sveitarfélagið Árborg vill vera leiðandi á sviði forvarna-, jafnréttis- og siðamála.

Markmið

- Gott samstarf sé milli allra aðila um forvarnarfræðslu í skóla-, frístunda- og íþróttastarfi
- Markvisst og fjölbreytt forvarnarstarf fyrir alla aldurshópa í samfélaginu
- Tryggja aðlögun einstaklinga af erlendum uppruna
- Fjölskyldan og samvera hennar sé í fyrirrúmi við ákvarðanatöku sveitarfélagsins
- Efla ungmennaráðið enn frekar og styðja við ný verkefni

Aðgerðir

- Endurskoða forvarnarstefnu sveitarfélagsins árið 2021
- Virkja öflugt foreldrastarf í samfélaginu
- Færanlegt forvarnarteymi yfir sumartímann
- Auka aðstoð við einstaklinga af erlendum uppruna til að gera þeim kleift að vera virkari í samfélaginu
- Setja inn ákvæði um siðareglur í samninga við íþrótt- og frístundafélag
- Fjölga málum sem ungmennaráð fær til umsagnar frá sveitarfélaginu
- Virkja fulltrúa ungmennaráðs í öllum fagnefndum sveitarfélagsins
- Bæta lýsingar við byggingar sveitarfélagsins og opin svæði í samráði við lögregluþyrirvöld



Komdu í sund!



Sundhöll Selfoss

OPIN ALLT ÁRÍÐ

Virka daga: kl. 6:30–21:30

Helgar: kl. 9:00–19:00

**FRÍTT
FYRIR 10
ÁRA OG
YNGRI**



Sundlaug Stokhseyrar

SUMAROPNUN

1. júní - 15. ágúst

Virka daga: kl. 13:00–21:00

Helgar: kl. 10:00–17:00

VETRAROPNUN

16. ágúst – 31. maí

Mán.- fös: kl. 16:30–20:30

Lau: kl. 10:00–15:00

